um frv. til laga um sölu á hluta af kaupstaðarlóð Vestmannaeyjabæjar.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um þetta mál. Minni hlutinn vill heimila sölu á hluta af kaupstaðarlóðinni eftir mati þriggja dómkvaddra, óvilhallra manna. En meiri hlutinn vill undir engum kringumstæðum selja Eyjarnar eða kaupstaðarlóð þá, sem hjer um ræðir, undir fasteignamati. Enda er það reynsla um land alt, að fasteignamatið er langt undir sannvirði, og mun einnig svo vera um Vestmannaeyjar. Fasteignamatið á lóðum og landi í Vestmannaeyjum er kr. 630200, þar af lóðir 470400 kr.

Samkvæmt frumvarpinu mun ætlast til, að seldur verði aðalkjarni kaupstaðarlóðarinnar, og getur því, eins og tekið er fram hjer að ofan, ekki komið til mála að selja Eyjarnar fyrir það verð, sem gert er ráð fyrir í frv., en það mundi nema kr. 200000, því ársleigurnar munu nú vera um 10000 kr.

Háttv. minni hluti hefir heldur ekki haldið frumvarpsleiðinni lengur fram, en vill nú láta meta Eyjarnar eftir reglunum um þjóðjarðasölu. Reynsla er nú fyrir því, að þjóðjarðirnar hafa yfirleitt verið seldar mjög lágu verði, og þykir nefndinni því engin ástæða að beina málinu inn á þá leið, enda telur fasteignamatsgrundvöllinn tryggari, þó auðvitað verði jafnan að taka tillit til þess, að verðið yfirleitt er of lágt, sbr. og að hjer í Reykjavík t. d. mun vani að bæta 50 % við fasteignamatsverðið til þess að fá sannvirði húsanna.

Rjettast væri, ef til vill, að hugsa ekki um sölu Vestmannaeyja, en nefndinni þykir þó rjett, vegna ítrekaðra óska Vestmannaeyinga, að málið sje ítarlega rannsakað, svo hægt sje að mynda sjer einhverja hugmynd um, hvers virði þessi ef til vill fengsælasti blettur á landinu sje. Fyrir nefndinni lágu upplýsingar um, að lóðargjaldið hefði, þegar seinustu leigurnar fóru fram, verið 5-faldað, en þetta sýnir, að ekkert má byggja á gömlu leigunum um verðmæti Eyjanna. Og þar sem leigurnar væntanlega hafa haft áhrif á fasteignamatið, þá virðist mega ganga út frá því, að það sje ef til vill lægra í Vestmannaeyjum en annarsstaðar í landinu. Nefndinni þykir því rjett að leggja til, að landsstjórnin sjái þinginu fyrir sem nánustum upplýsingum um eign þessa, leigumála og annað, er snertir verðmæti hennar, og væntir nefndin, að slíkar upplýsingar geti legið fyrir næsta þingi.

Samkvæmt þessu ber nefndin fram svo hljóðandi

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Áður en þessu máli sje ráðið til lykta, telur deildin rjett, að stjórnin láti þinginu í tje sem nánastar upplýsingar um eign þá, sem hjer ræðir um, leigumála og annað, er snertir verðmæti hennar, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. apríl 1925.

Sig. Eggerz, form.	Ingvar Pálmason, frsm.	Jónas Jónsson.